

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 218/1997.

**Ólafur Torfason og
Ásgeir Magnússon**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Sláturfélagi Suðurlands

(Tómas Jónsson hrl.)

Ábyrgð. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1997 og krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara lækkunar krafna hans. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í Versluninni Þingholti við Grundarstíg hér í borg hafa verið seldar vorur frá stefnda, sem selur kaupmönnum framleiðsluvörur sínar til endursölu annaðhvort gegn staðgreiðslu eða í reikning, en þá er krafist bankatryggingar eða annarrar fullnægjandi tryggingar. Áfrýjandi Ólafur Torfason og bróðir hans, Torfi Torfason, tóku á sig sjálf-skuldarábyrgð vegna úttekta verslunarinnar hjá stefnda frá og með 1. maí 1984, og er yfirlýsing þeirra sama meginefnis og sú, sem mál þetta fjallar um, enda gerð á prentað form frá stefnda. Áfrýjandi Ólafur tók við versluninni 1. desember 1986 af Torfa Lútherssyni, en leigði hana áfrýjanda Ágeiri Magnússyni frá sama tíma. Áfrýjendur tóku þann dag á sig sams konar sjálfskuldarábyrgð á úttektum verslunarinnar hjá stefnda. Áfrýjandi Ásgeir rak verslunina, þar til áfrýjandi Ólafur seldi hana Torfa, bróður sínum. Þá undirrituðu áfrýjendur enn hið sama prentaða form stefnda um sjálfskuldarábyrgð. Þar segir:

„Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að við tökum að okkur sjálfskuldarábyrgð vegna Verslunarinnar Þingholts frá og með 1. 8.

1988 og þar til öðruvísi verður ákveðið. Sjálfskuldarábyrgð okkar er bundin lánskjaravísitölu og nær til fjárhæðar allt að 500.000 kr., með grunnvísitölunni 2217 stigum. Verði um vanskil eða greiðsludrátt að ræða af hálfu ofangreinds viðskiptaaðila, ber okkur án frekari fyrirvara að greiða Sláturfélagi Suðurlands höfuðstól skuldarinnar ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði.“

Vanskil verslunarinnar við stefnda voru vegna úttekta mánaðanna janúar, febrúar og mars 1995, samtals 686.967 krónur. Höfuðstóll ábyrgðarfjárhæðarinnar miðað við lánskjaravísitölu í mars 1995, 3402 stig, var 767.253 krónur.

II.

Svo sem í héraðsdómi greinir, bera áfrýjendur fyrir sig fyrningu ábyrgðarskuldbindingarinnar. Samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda falla skuldir eða aðrar kröfur úr gildi fyrir fyrning. Ábyrgð sú, sem áfrýjendur tóku á sig með loforði sínu, var skuldbinding þeirra um að greiða skuld verslunarinnar Þingholts, yrði hún ekki greidd af hálfu verslunarinnar. Skuldbindingin sjálf er hvorki skuld né önnur krafa og fynnist því ekki samkvæmt lögum þessum. Skuldir eða aðrar kröfur, sem stofnast samkvæmt ábyrgðarskuldbindingunni við vanskil aðalskuldara, falla hins vegar undir 4. tl. 3. gr. laganna. Samkvæmt gögnum málsins urðu ekki vanskil við stefnda fyrr en í byrjun árs 1995 vegna úttekta í janúar, febrúar og mars á því ári. Þá hófst fyrningarfrestur krafna samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu áfrýjenda, og voru þær því ófyrndar, þegar stefna var birt snemma árs 1996. Áfrýjendur máttu sem vanir kaupmenn vita, hvað þeir gerðu, er þeir tóku á sig ofangreinda sjálfskuldarábyrgð. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna héraðsdóms að öðru leyti verður fallist á niðurstöðu hans um aðalkröfu áfrýjenda og varakröfu um lækkun.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti báru áfrýjendur fram nýja varakröfu um lækkun, reista á þeim forsendum, að Torfi Torfason hefði með bréfi 18. september 1995, sem var meðal annars beint til stefnda, boðist til að greiða 25% skulda sinna gegn niðurfellingu eftirstöðva þeirra. Hafi stefndi valdið áfrýjendum skaða með því að taka ekki boðinu. Málsástæða þessi er of seint fram komin, til þess að henni verði sinnt.

Loks krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði aðeins dæmdir pro rata til greiðslu skuldarinnar. Á þetta verður fallist, þar sem ekki er kveðið á um í ábyrgðarskuldbindingunni, að ábyrgð þeirra sé in solidum, og stefndi hefur ekki sýnt fram á, að það leiði af venju. Verða þeir því dæmdir til að greiða skuldina til helminga hvor um sig með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Ólafur Torfason og Ásgeir Magnússon, greiði hvor um sig stefnda, Sláturfélagi Suðurlands, 343.483,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 116.443,50 krónum frá 1. febrúar 1995 til 1. mars sama árs, af 220.638 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama árs, en af 343.483,50 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda sameiginlega 250.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. apríl 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 31. janúar og 1. febrúar 1996, af Sláturfélagi Suðurlands, Fosshálsi 1, Reykjavík, gegn Ólafi Torfasyni, Tjaldanesi 17, Garðabæ, og Ásgeiri Magnússyni, Löngumýri 20, Garðabæ.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 686.967 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 232.887 kr. frá 1. febrúar 1995 til 1. mars 1995, af 441.276 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1995 og af 686.967 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1996, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Málskostnaðar er krafist að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað samkvæmt mati dómsins, til vara, að dómkröfur verði verulega lækkaðar og stefndu verði dæmdir pro rata, en málskostnaður auk þess felldur niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Mál þetta er til komið vegna viðskipta stefnanda við Verslunina Pingholt. Stefnandi kveður verslunina hafa stofnað til skuldar í janúar, febrúar og mars 1995, samtals að fjárhæð 686.967 kr., sem eru stefnuþjárhæð. Rekstrar- aðili verslunarinnar var á þeim tíma Torfi Torfason.

Kröfur sínar á hendur stefndu reisir stefnandi á ábyrgðaryfirlýsingu stefndu, þar sem þeir lýsa yfir, að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð vegna Verslunarinnar Pingholts frá og með 1. ágúst 1988 og þar til öðruvísi verður ákveðið. Samkvæmt fram lögðu skjali er sjálfskuldarábyrgðin bundin láns- kjaravísitölu og nær til fjárhæðar allt að 500.000 kr. með grunnvísitölunni 2217 stigum. Þá segir þar einnig, að verði um vanskil eða greiðsludrátt að ræða af hálfu Verslunarinnar Pingholts, beri þeim án frekari fyrirvara að greiða Sláturfélagi Suðurlands höfuðstól skuldarinnar ásamt áföllnum vöxt- um og kostnaði.

Stefnandi kveður lánskjaravísitölu janúarmánaðar 1996 hafa verið 3440 stig, og nemi höfuðstóll sjálfskuldarábyrgðar stefndu því 775.823 kr.

Gjaldlagi úttekta verslunarinnar hafi verið 1. dagur næsta mánaðar, og miðist dráttarvaxtakrafa stefnanda við það tímamark.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að samkvæmt dskj. nr. 9 hafi vanskil Torfa Torfasonar verið samfelld frá a. m. k. nóvember 1990. Megi sjá, að Torfi hafi ætíð verið eftir á með greiðslur til stefnanda, en fengið að taka út vörur hjá stefnanda þrátt fyrir sífelld vanskil. Hafi stefndu aldrei verið krafðir um greiðslu á skuldum Torfa þrátt fyrir ítrekuð vanskil fyrr en með innheimtubrési, dags. 23. október 1995.

Af hálfu stefndu er því ekki mótmælt, að þeir hafi undirritað ábyrgðar- yfirlýsingu á dskj. nr. 4, en því hins vegar haldið fram, að krafa stefnanda á hendur þeim sé fyrnd, og því beri að sýkna þá af kröfum stefnanda. Þar sem um sé að ræða sjálfskuldarábyrgð, gildi ákvæði 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/ 1905 um greiðsluskyldu stefndu. Samkvæmt lagagreininni fynnist ábyrgðar- skuldbinding á fjórum árum. Samkvæmt yfirlýsingu á dskj. nr. 4 skyldi ábyrgðin gilda frá og með 1. ágúst 1988. Teljist 1. ágúst 1988 því vera gjald- dagi í skilningi laga nr. 14/1905. Hafi ábyrgð stefndu því verið fyrnd 31. júlí 1992, þegar fjögur ár voru liðin, frá því að ábyrgðin tók gildi. Bréf lögmanns stefnanda til stefndu, dags. 23. október 1995, hafi því verið ritað riflega sjö árum eftir, að ábyrgðin tók gildi, og riflega þremur árum eftir, að ábyrgðar- yfirlýsingin var fyrnd samkvæmt framansögðu.

Af hálfu stefndu er því harðlega mótmælt, að stefnandi geti geymt sér rétt sinn gagnvart stefndu, svo að árum skipti. Bent sé á, að vanskil af hálfu Torfa komi fram þegar í upphafi viðskipta hans við stefnanda og tilefni til

ábyrgðar stefndu komi því fram fljótlega eftir, að viðskipti Torfa og stefnanda hófust. Í yfirlýsingu á dskj. nr. 4 sé kveðið á um, að verði um vanskil eða greiðsludrátt að ræða, séu stefndu greiðsluskyldir án frekari fyrirvara á höfuðstól og kostnaði. Þetta þýði, að gjalddagi ábyrgðarinnar hafi verið um saminn sem sá tími, er skuld Torfa við stefnanda færi fyrst í vanskil. Þá verði að skýra orðin „án frekari fyrirvara“ þannig, að ekki hafi verið þörf sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu stefnanda, áður en greiðsluskylda stefndu varð virk samkvæmt efni yfirlýsingarinnar. Hér sé um að ræða íþyngjandi ákvæði í garð stefndu, og verði að túlka það stefndu í hag að því leyti, sem yfirlýsingin sé óskýr, enda sé hún samin einhliða af stefnanda. Verði því að telja, að gjalddagi ábyrgðarinnar hafi verið eigi síðar en fyrstu vanskil Torfa urðu, og sé krafan því einnig fyrnd, sé miðað við það tímamark.

Þá beri að benda á tómlæti stefnanda í þessu sambandi. Þrátt fyrir vanskil Torfa hafi stefnandi ekki kosið að ganga að stefndu og auk þess ekki heldur haft uppi áskilnað um það fyrr en með téðu bréfi í október 1995, er vanskil höfðu staðið árum saman. Hafi stefnandi sýnt af sér stórkostlegt tómlæti með því að halda hagsmunum sínum ekki fram, eins og vanskil Torfa hafi gefið tilefni til.

Varakröfu sína styðja stefndu þessum rökum:

Í fyrsta lagi sé gerð karfa til þess, að krafa stefnanda verði lækkuð sem nemi innborgunum Torfa samkvæmt dskj. nr. 3. Samkvæmt stefnu séu úttektir Þingholts 232.887 kr. í janúar 1995, 208.389 kr. í febrúar og 245.691 kr. í mars. Ekki sé tekið tillit til innborgana á sama tíma, sem séu samkvæmt dskj. nr. 3 alls 576.905 kr. Engin grein sé gerð fyrir því, í hvað téðar greiðslur Torfa fóru eða hvernig eldri skuld sé til komin. Sé mismunur á úttektum og inngreiðslum því 110.062 kr., og geti krafan á hendur stefndu aldrei orðið hærri en sú fjárhæð.

Í öðru lagi beri að lækka kröfufjárhæð með vísan til þess, að ekki sé tilgreint í sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu á dskj. nr. 4, hvers konar lánskjara-vísitölu sé átt við, en auk þess sé ekki greint frá því, að fjárhæðin skuli hækka í samræmi við breytingar á vísitölu. Skorti því verulega á skýrleika að þessu leyti. Geti ábyrgð stefndu því aldrei orðið hærri en 500.000 kr. af þeim ástæðum.

Í þriðja lagi sé þess krafist, að stefndu verði dæmdir pro rata til greiðslu skuldarinnar. Sé krafa þessi studd þeim rökum, að í fyrsta lagi sé ekki kveðið á um, að stefndu ábyrgist skuld Torfa við stefnanda in solidum, og í öðru lagi sé ekki gerð dómkrafa um það í málinu, að ábyrgð stefndu verði in solidum (sic). Því verði að dæma stefndu til greiðslu pro rata að svo miklu leyti, sem fallist sé á kröfu um greiðsluskyldu þeirra.

Niðurstæða.

Í sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu á dskj. nr. 4 lýsa stefndu yfir því, að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á úttekt Verslunarinnar Þingholts hjá stefnanda frá 1. ágúst 1988 og þar til öðruvísi verður ákveðið. Stefndu var í löfa lagið að afturkalla yfirlýsinguna, hvenær sem var, vildu þeir losna undan þeirri ábyrgð, er þeir tókust á hendur með henni. Yfirlýsingin er ekki bundin við ákveðnar úttektir, tímabil eða gjalddaga, og eins og efni hennar háttar, er ekki unnt að fallast á það með stefndu, að yfirlýsingin fýrnist samkvæmt reglum fyrningarlaga. Teljast stefndu því bundnir af þeirri ábyrgð, sem þeir tókust á hendur með undirritun sinni á yfirlýsinguna.

Tómlætisreglur þykja ekki koma til álita í þessu sambandi.

Af hálfu stefndu er því ekki mótmælt, að umstefndar úttektir hafi farið fram, en því haldið fram, að ekki hafi verið tekið tillit til innborgana. Á yfirlitum á dskj. nr. 14-16 eru tilgreindar úttektir og innborganir. Hefur ekki verið sýnt fram á annað en þar sé tekið fullt tillit til innborgana.

Í nefndri yfirlýsingu kemur skýrlega fram, að sjálfskuldarábyrgðin skuli bundin lánskjaravísitölu, og getið grunnvísitölu. Verður ekki séð, að nokkur vafi geti leikið á því, við hvaða vísitölu skuli miðað, og þykir skjalið ekki verða skilið öðruvísi en svo, að fjárhæð sú, sem þar er tilgreind, skuli hækka í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Af hálfu stefndu hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnufjárhæð sé ekki innan þeirra marka, sem ábyrgðaryfirlýsingin setur ábyrgð stefndu.

Stefnandi gerir þá kröfu í málinu, að stefndu greiði stefnufjárhæðina in solidum. Þykir mega fallast á, að stefndu beri samkvæmt efni skjalsins ábyrgð in solidum, enda ekkert í yfirlýsingunni, er takmarkar ábyrgð stefndu hvors um sig.

Upphafstíma dráttarvaxta hefur ekki verið mótmælt. Ber því samkvæmt framansögðu að taka kröfur stefnanda til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 140.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ólafur Torfason og Ásgeir Magnússon greiði in solidum stefnanda, Sláturfélagi Suðurlands, 686.967 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 232.887 kr. frá 1. febrúar 1995 til 1. mars 1995, af 441.276 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1995 og af 686.967 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 140.000 kr. í málskostnað.